



Alþingi

Erindi nr. **P 116 / 1011**komadagur **15 / 3** REYKJAVÍK, **1993**

13. mars 1993

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi

150 Reykjavík

Eftirfarandi ályktun Búnaðarþings 1993, um **Frumvarp til laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim**, sendist yður hér með að ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

I.

Búnaðarþing leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum breytingum:

- a) Við 3. gr.:
Við lokamálsgr. 3. gr. bætast orðin "eða milli varnarhólfa".
- b) Við 11. gr.:
Í stað orðanna "stórfelldu tjóni á dýrum", komi "útbreiðslu sjúkdóma í dýrum".
- c) Við 12. gr.:
Í stað orðanna "þeim er landið fá", komi "ríkissjóði".
- d) Við 15. gr.:
Í stað orðanna, "landbúnaðarráðherra er heimilt að setja reglur um búnað," komi orðin "Ráðherra setur reglur um sæðistöku og flutning sæðis, búnað", o.s.frv.
Í síðustu setningu komi, "setur", í stað "þá er heimilt að setja".
- e) Við 19. gr.:
Í stað orðanna: "uppsetning, rekstur og viðhald þeirra greiðist af viðkomandi sveitarsjóði", komi orðin "vinna við viðhald þeirra greiðist af sveitarsjóðum í varnarhólfum þeim, er varnarlínan aðskilur".
- f) Svo er að skilja, að viðaukarnir tveir, sem eru sjúkdómalistar, teljist hluti laganna og þurfi lagabreytingar ef þeir eru endurskoðaðir.
Búnaðarþing telur orka tvímælis hvort þeir ættu að vera lög eða reglugerð. Verði þeir hluti laganna, þarf vel að athuga við undirbúning þeirra hvort ekki eru í viðauka II ýmsir sjúkdómar, óþekktir hérlendis, sem betur ættu heima í viðauka I.

II.

- a) Búnaðarþing vekur, að gefnu tilefni, athygli landbúnaðarnefndar Alþingis á því, að hyggilegt væri að halda í gildi, að meira eða minna leyti, lögum um varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma nr. 23/1956.
- b) Búnaðarþing væntir þess eindregið að Alþingi leiti við þessa lagasetningu og endra nær allra ráða til að treysta varnir okkar gegn búfjársjúkdómum, að því leyti sem þess mun þurfa vegna breyttra viðskiptasamninga.
Jafnframt er það brýnt fyrir öðrum stjórnvöldum, að halda fast á þeim málum, við framkvæmd samninga, með skýrskotun til sérstöðu okkar vegna einangrunar.

Greinargerð:

Búnaðarþing 1992 fékk til skoðunar frumgerð þessa frumvarps til laga um dýrasjúkdóma og gerði við það nokkrar almennar athugasemdir, sem að verulegu leyti hafa verið teknar til greina.

Nokkru síðar barst stjórn Búnaðarfélags Íslands málið aftur í dálítið breyttri mynd. Hún gerði við það athugasemdir í allmörgum atriðum með tillögum um breytingar á einstökum greinum. Mikill hluti þeirra hefur verið tekinn upp í frv.

Enn er þessi lagasmíði til umfjöllunar hjá Búnaðarþingi. Er því að vonum að athugasemdum fækkar við einstakar greinar, þó lengi megi tína hnökra úr voðinni. Hér eru lagðar til orðalagsbreytingar við fimm greinar. Nú er málið hins vegar meir en áður skoðað frá því sjónarmiði, að miklar líkur eru nú til að senn gangi í gildi viðskiptasamningar (EES), sem stórlega munu veikja varnarstöðu Íslands gegn dýrasjúkdómum, sem borist gætu erlendis frá. Reynslan er sár af þeim óhöppum alla götu síðan um miðja 18. öld. Löng einangrun íslenskra dýrastofna, búffjár sem annarra, hefur gert þá veika fyrir smitsjúkdómum, sem annars staðar eru landlægir og valda þar litlum usla. Búnaðarþingi er því mikið í mun, að sem rammlegst sé um hnúta búið að þessu leyti. Því er hér vakin athygli á því hvort ekki geti verið rétt að halda í gildi vissum þáttum eldri laga. Jafnframt er Alþingi beðið að kanna fyrir sitt leyti hvaða varnir kann að vera hægt að byggja á sérstöðu landsins.

Um athugasemdir í einstökum liðum:

I.

- a) Rétt er að taka fram um varúðarskyldu vegna smits milli hólfa innanlands jafnframt og erlendis frá.
- b) "Stórfelldu tjóni" er afstætt orðalag og ekki glöggur lagatexti. Hvenær er tjón stórfellt? Á að setta sig við dálítið tjón, ef hægt er að afstýra því?
- c) Fráleitt er að krefja þá, sem fá um sinn landauka sem þeir e.t.v. hafa engin not fyrir, (vegna vals á girðingarstæði), um leigu, til þess sem landið missti, e.t.v. án þess að mega við því. Eftir notagildi fyrir hvorn ætti að borga? Bætur verða að vera á ábyrgð þess, sem ræður tilhöguninni, en hann getur endurleigt, með samþykki málsaðila, ef einhver þarf á landinu að halda.
- d) Hér er annars vegar bætt inn að reglur verði settar um framkvæmd sædistöku og flutnings á því. Hins vegar tekin af tvímæli um að ráðherra hafi skyldur fremur en heimild til að setja slíkar reglur jafnt í 15. gr. sem t.d. 14. gr.
- e) Aukavarnarlínur munu oftast verða til þannig, að slakað er á vörslu við aðalvarnarlínur, eða þá með samkomulagi við þá, sem hlut eiga að máli vegna hugsmuna þeirra af girðingu. Því ætti ekki að þurfa að tilgreina hér um kostnað við uppsetningu. Upplýst er að efni til viðhalds þeirra er lagt til af sauðfjárveikivörnum. Orðalagið "viðkomandi sveitarsjóði" er varla hægt að skilja öðruvísi en að átt sé við það eða þau sveitarfélög sem girðing liggur um. Upplýst er, að í framkvæmd hafi þetta verið með þeim hætti, sem í breytingatillögu greinir. Rétt er að orða það afdráttarlaust, svo ekki valdi þrætum.
- f) Í viðauka II. munu taldir ýmsir sjúkdómar, sem hér finnast ekki. Með tilliti til þess, sem fyrr er nefnt um viðnámsleysi íslenskra stofna vegna einangrunar, má ætla að við þeim yrði snúist af fullri hörku, verði þeirra vart. Í 5. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja það. Hins vegar er fjárhagsleg ábyrgð dýraeigenda á aðgerðum misjöfn eftir því á hvorum listanum þau eru og þarf að íhuga það. Það vekur athygli, að í frumvarpinu er viðaukanna hvergi getið nema óbeint, og ekkert um endurskoðun þeirra. Þeir eru taldir hluti laganna, ef sett verða og verður því ekki breytt nema á Alþingi. Þetta orkar nokkuð tvímælis, hvort þeir ættu ekki frekar að hafa

gildi reglugerðar, ekki slst þar sem á þá hlýtur að vanta margvíslega sjúkdóma, sem hér þekkjast ekki enn.

II.

- a) *Lög nr. 23/1956 og önnur sem á undan þeim giltu, hafa reynst frábærlega á marga lund, sem umgerð um varnir gegn sjúkdómum og um útrýmingu þeirra. Sumt af þeim er tekið upp í þetta frumvarp. Annað fellur niður, s.s. ákvæði um fjárskipti. Búnaðarþing telur að vel beri að athuga, hvort ekki sé rétt að láta þau lög halda gildi, að meira eða minna leyti, með samamburði við þessi lög að því er varðar skörun. Þó vonandi þurfi ekki að grípa til stórfelldra útrýmingar og varnaraðgerða í framtíðinni, er hún þó óráðin meðan það er að sýna sig hverju viðskiptasamningar breyta í þessu tilliti.*
- b) *Því er ekki að neita, að það sem Búnaðarþingi er mest áhyggjuefni í þessu máli, er breytt umhverfi vegna samninga við önnur ríki, þar sem Íslendingar eru ekki lengur einráðir um varúðarreglur gegn smitsjúkdómum. Með því eru rofin skörð í varir okkar. Að loknum aðlögunartíma getur komið til innflutnings búvara, sem þekkt er að geta borið smitefni, nema við getum sannað, að hér séu ekki tilteknir sjúkdómar. Sönnunarbyrði í slíkum málum mun hvíla á okkur sjálfum, og verða í flestum tilvikum þung og dýr. En takist ekki að koma við sönnunum í hverju tilviki, munum við ekki geta neitað innflutningi. Orð okkar sjálfra um að tilteknir sjúkdómar þekktist hér ekki eru ekki tekin gild. Þó prófunum verði við komið, stöndum við berskjalda gagnvart óþekktum sjúkdómum. Talið er að sjúkdómar í dýrum berist til og frá um Evrópu, þrátt fyrir þær hömlur sem þar gilda, prófanir, strangar reglur og nútíma sjúkdómsvarnartækni. Vottorð embættismanna eru þar mjög tíðkuð. Slík vottorð um heilbrigði karakúlfjárins fylgdu því frá Þýskalandi fyrir sextíu árum. Hérlandis höfum við búið í skjóli við ströng innflutningshöft á dýrum og afurðum. Þau eru sett vegna dýrkeyþtra mistaka, sem urðu að stóraföllum vegna aldarlangrar einangrunar búfjárstofna okkar. Því þarf Alþingi og önnur stjórnvöld að neyta ítrustu ráða til að afstýra því að nýir viðskiptasamningar valdi slysum, sem seint kynnu að verða bætt."*

Þess er vænst að tekið verði tillit til ályktunar Búnaðarþings við afgreiðslu þessa máls.

Virðingarfyllst


Jónas Jónsson

JJI/ák

Ályktunin send:

*Landbúnaðarráðuneyti
Yfirdýralækni, Brynjólfí Sandholt
Landbúnaðarnefnd Alþingis*